



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um um fjölda foreldra sem ekki hafa fengið upplýsingar um upphaf aðlögunar barna þeirra í leikskóla

Á fundi borgarráðs, 11. ágúst 2022, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins:

Leikskólamálin hafa verið mikið í umræðunni síðustu vikur því alvarlegur skortur er á leikskólaplássum þrátt fyrir loforð um annað hjá þessum og síðasta meirihluta. Foreldrar eru ekki aðeins óánægðir heldur einnig í angist yfir hvernig þeir eigi að komast í vinnuna sína. Flokkur fólksins óskar eftir upplýsingum um hversu margir foreldrar sem nú þegar eru búnir að fá pláss fyrir börn sín á leikskóla, hafa ekki fengið upplýsingar um hvaða dag barn þeirra getur hafið aðlögun. Í reglum segir að foreldrar eigi að fá þessar upplýsingar eigi síðar en fjórum vikum áður en leikskóladvöl hefst, miðað við 1. eða 15. hvers mánaðar.

Svar:

Samkvæmt upplýsingum úr Völu 13. september 2022 voru foreldrar 326 barna búnir að samþykkja pláss í leikskóla en ekki fá dagsetningu fyrir upphaf aðlögunar í leikskóla. Af þessum 326 börnum eru 121 barn þegar með leikskólapláss í borgarreknum eða sjálfstætt reknum leikskóla en verið er að óska eftir flutningi í annan leikskóla. Stjórnendur hafa það að markmiði að upplýsa foreldra um upphafsdagsetningu leikskóladvöla um leið og hún liggur fyrir til að tryggja að foreldrar hafi nægt rými til að segja upp annarri dagvistun eða gera aðrar ráðstafanir.